

Minnisblað



Til: Heimastjórnar Arnarfjarðar
Frá: Valgerði Maríu Þorsteinsdóttur menningar- og ferðamálafulltrúa
Geir Gestssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs

Vesturbyggð 5. júlí 2024
Málsnúmer: 2407018

Efni: Staðsetning nýs tjaldsvæðis á Bíldudal

Nýr leik- og grunnskóli á Bíldudal verður staðsettur þar sem tjaldsvæðið er núna og þ.a.l. þarf að finna því nýja staðsetningu. Ekkert formlegt samtal hefur átt sér stað um málið eftir að staðsetning nýs skóla var ákveðin. Hér er úttekt frá ferðamálafulltrúa og sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs um möguleika á staðsetningum nýs tjaldsvæðis, byggð á óformlegum umræðum þeirra:

1. Við Völuvöll

Í nágildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarbyggð við Völuvöll. Á svæðinu er rotþró og rafmagn í nærliggjandi skúr með rafmagni svo það ætti að vera hægðarleikur að tengja rafmagn. Koma þyrfti upp þjónustuhúsi með salernisaðstöðu auk annarrar aðstöðu ef þörf væri talin á, s.s. eldhúsaðstöðu, þvottaaðstöðu og sturtum.

Tjaldsvæði á Völuvelli væri stærsta tjaldsvæðið af þeim möguleikum sem farið er yfir í þessu minnisblaði. Væri minna tjaldsvæði innan þéttbýlisins valinn væri möguleiki á að hafa tímabundið tjaldsvæði á Völuvelli á álagstímum, t.d. þegar Bíldudals grænar baunir eru.

Starfaðstaða (yrði reksturinn ekki boðinn út): Yrði að koma upp starfsaðstöðu (þjónustuhúsi). og/eða láta fá bíl, vegna fjarlægðar frá þéttbýli.

Stærð: Um 5638 m². Til viðmiðunar er núverandi tjaldsvæði um 3000 m².

2. Á túninu við Skrímslasetrið

Einnig væri hægt að kanna möguleikann á að nýta núverandi leikskólalóð með, það þyrfti þó að kanna m.t.t. nálægðar við íbúabyggð.

Starfsaðstaða (yrði reksturinn ekki boðinn út): Starfsfólk gæti haft starfs- og kaffiaðstöðu í Muggstofu.

Stærð: Um 1826 m².

Stærð með leikskólalóð: Um 3320 m².

3. Langahlíð 22

Þ.e. þar sem Langahlíð 22 stóð áður, við hliðina á Ási í dag. Möguleiki væri á að nýta Ás á einhvern hátt, þ.e. annað hvort sem aðstöðu fyrir starfsfólk eða gesti, t.a.m. salernis- og eldhúsaðstöðu. Svæðið er á snjóflóðahættusvæði.

Starfsaðstaða (yrði reksturinn ekki boðinn út): Starfsfólk gæti haft starfs- og kaffiaðstöðu í Ás, mögulega í Muggsstofu.

Stærð: Um 1457 m².

4. Á skólalóð fyrrum Bildudalsskóla

Óvíst er hver útfærslan væri, en þá væri hægt að líta til svæðisins þar sem sparkvöllurinn er núna, eða að setja stalla þar sem leiktækin eru núna. Verulegar breytingar þyrfti að gera á svæðinu.

Starfsaðstaða (yrði reksturinn ekki boðinn út): Mögulega hægt að nýta Muggsstofu eða neðri hæð Baldurshaga þegar áhaldahúsið verður alveg flutt út.

Stærð: Óvíst, allt frá um 500 m² upp í 1500 m².